

## Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík fær vottun

Skrifað af: Administrator

Föstudagur, 27. maí 2016 14:06

---

Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík hefur fengið ISO 9001 vottun á gæðastjórnunarkerfi sitt hjá Vottun hf., fyrst slíkra embætta á Íslandi. Starfsemin heyrir undir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og er sviðið þegar með vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sitt samkvæmt ISO 14001 staðli. Laga og reglugerðarumverfi starfseminnar er talsvert viðamikil og sinnir embættið margskonar lögboðnum verkefnum, svo sem samþykkt byggingaráforma, útgáfu byggingarleyfa skv. samþykktum teikningum og eftirliti með byggingarframkvæmdum og breytingum á byggingum í borginni. Starfsmenn embættisins eru rúmlega 20 talsins. Sjá nánar [frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar.](#)

